

*Glerárskóli
Hrafnagilsskóli
Naustaskóli
Naustatjörn*



JÁKVÆÐUR AGI
Þróunarverkefni 2010-2012

*Lokaskýrsla til Sprotasjóðs
júní 2012*



Nafn skóla: Glerárskóli, Hrafnagilsskóli, Naustaskóli og Naustatjörn

Nafn verkefnis: Jákvæður agi

Nafn verkefnisstjóra: Ágúst Frímánn Jakobsson, skólastjóri Naustaskóla

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Að innleiða uppeldisstefnuna Jákvæður agi í Naustaskóla, Naustatjörn, Glerárskóla og Hrafnagilsskóla, stuðla þannig m.a. að góðum skólabrag, samhæfðum vinnubrögðum starfsfólks, sjálfstrausti og samskiptafærni nemenda.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Framkvæmd verkefnisins fólst fyrst og fremst í margvíslegri samvinnu skólanna til að stuðla að fræðslu og samhæfingu starfsmanna. Í byrjun var stofnsettur stýrihópur sem fór á fjögurra daga námskeið í Denville, New Jersey, USA, í maí 2010. Í stýrihópnum voru Inga Huld Pálsdóttir, Ingibjörg Kristín Gunnarsdóttir og Katrín Fjóla Guðmundsdóttir frá Glerárskóla, Aníta Jónsdóttir og Karl Frímánnsson frá Hrafnagilsskóla, Ágúst Jakobsson og Sigurlaug Jónsdóttir frá Naustaskóla og Jónína Hauksdóttir frá Naustatjörn. Fulltrúar í stýrihópnum unnu síðan sameiginlega að því að þýða efni og halda utan um fræðslu til annarra starfsmanna skólanna og innleiðingu stefnunnar, héldu m.a. námskeið fyrir alla starfsmenn skólanna haustið 2010. Haustið 2011 var fenginn erlendur fyrirlesari (Teresa LaSala) sem hélt námskeið fyrir alla kennara og stuðningsfulltrúa skólanna.

Gróf verk – og tímaáætlun eins og hún kom fram í umsókn var eftirfarandi (þar sem um frávik var að ræða er texti rauðlitadur, sjá greinargerð hér á eftir):

- Apríl 2010: Stofnaðir stýrihópar í skólunum. Hver stýrihópur er samsettur af fulltrúum kennara, **annarra starfsmanna og fulltrúa foreldra** ásamt fulltrúum stjórnenda. Fulltrúar í stýrihópnum lesa saman bókina ”*Positive discipline in the classroom*” eftir Jane Nelsen, Lynn Lott og Stephen Glenn. Unnir útdrættir og þýðingar úr bókinni til að nýta í fræðslu annarra starfsmanna skólanna.
- Maí 2010: Ferð fulltrúa stýrihópa á 4 daga námskeið í Denville, New Jersey, USA. Nánari upplýsingar má finna hér: <http://www.positivediscipline.org/Default.aspx?pageId=265890&eventId=101019&EventViewMode=EventDetails>
- Júní – ágúst 2010: Lokið við gerð þýðinga og útdráttu úr ensku. Fræðslufundir haldnir fyrir starfsmenn skólanna. Kennarar sendir með lesefni til endurmenntunar í sumarfríi.
- Ágúst 2010: Skólastarfið hafið með **2ja daga** námskeiði um Jákvæðan aga sem allir starfsmenn skólanna sitja. **Áformað að fá fyrirlesara erlendis frá.**
- September-desember 2010: **Hálfsmánaðarlegir** fræðslu- og umræðufundir starfsmanna, farið yfir ákveðin atriði úr námsefni/bókum í hvert skipti. Einnig kynningarfundir fyrir foreldra.
- Janúar 2010 til maí 2012: Fundir 3-4 sinnum á önn þar sem allt starfsfólk ræðir saman um hvernig gengur og vinnur að úrbótum. Matsskýrsla um verkefnið skrifuð og birt í lok hvers skólaárs. Fundir fyrir foreldra væntanlega 1. bekkinga árlega til að kynna stefnuna. Gera þarf ráð fyrir að innleiða stefnuna fyrir nýja starfsmenn.

Frávik miðað við áætlun verkefnis:

Nokkur frávik eru varðandi þá þætti sem eru rauðlitaðir í verkáætluninni hér að framan.

- a) Stýrihópar samanstanda enn sem komið er eingöngu af fulltrúum kennara og stjórnenda.
- b) Skólastarf í skólunum haustið 2010 hófst með 1 dags námskeiði sem allir starfsmenn skólanna sátu. (Sett voru upp 2 x ½ dags námskeið á þremur stöðum) Ekki var fenginn fyrirlesari erlendis frá á þessum tímamarki, heldur sáu fulltrúar í stýrihópnum um að miðla til annarra starfsmanna hluta af því sem þeir höfðu lært á námskeiði í Denville, New Jersey í maí 2010. Haustið 2011 var hins vegar fenginn fyrirlesari að utan. Það var Teresa LaSala, CPDT (Certified Positive Discipline Trainer) og hélt hún tveggja daga námskeið fyrir kennara og stuðningsfulltrúa skólanna. Auk þess veitti hún stýrihópnum ráðgjöf um framhald verkefnisins.
- c) Fræðslu- og kynningarfundir starfsmanna hafa verið nær því að vera mánaðarlegir en hálfsmánaðarlegir. Nokkuð er mismunandi milli skólanna hvernig staðið hefur verið að þessu. Í sumum skólunum hafa verið haldnir sérstakir fundir, í öðrum hefur viðfangsefnið verið fléttað reglulega inn í starfsmanna- og kennarafundi. Fulltrúar stýrihópsins hafa stýrt innleiðingunni í hverjum skóla, búið til áætlanir, þýtt verkefni, stýrt umræðum, leiðbeint o.s.frv.
- d) Haldnir hafa verið bæði kynningarfundir og námskeið fyrir foreldra í skólunum. Stuttir kynningarfundir hafa verið haldnir árlega í hverjum skóla fyrir sig, en auk þess annaðist stýrihópurinn tvö tveggja kvölda námskeið fyrir foreldra í janúar 2011 og á vorönn 2012 var aftur haldið námskeið fyrir foreldra en þá þriggja kvöld námskeið. Þátttakendur mættu á námskeiðin með viku millibili, fyrra árið var þátttaka algjörlega gjaldfrjál en á seinna árinu var innheimt 1.500 kr. þáttökugjald til að standa undir kaffikostnaði o.þ.h. Námskeiðin voru haldin í Naustaskóla en voru auglýst meðal foreldra allra þáttökuskólanna og dreifðist þátttaka vel á skólana. Alls sátu samtals um 150 foreldrar þessi námskeið. Kallað var eftir mati þátttakenda á námskeiðunum og var það í heildina mjög jákvætt. Helst komu fram ábendingar um að námskeiðin hefðu mátt vera lengri, ekki síst til að gefa þátttakendum meiri tíma til að ræða saman og miðla af reynslu sinni.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Segja má að helstu hindranir við innleiðingu verkefnis af þessu tagi eigi sér stað í huga þeirra sem að því vinna. Innleiðing uppeldisstefnu felst að mestu leyti í breytingu á hugarfari og viðhorfum og það er vinna sem tekur langan tíma og krefst þrautseigju hjá þeim sem leiða breytingarnar. Við teljum að góður árangur hafi náðst en vinnunni er að sjálfsögðu langt frá því lokið.

Við rákum okkur einnig á að við höfðum í byrjun vanmetið þörfina á því að þýða öll þau verkefni sem kennurum eru lögð í hendur. Það skiptir mjög miklu máli að þegar kennarar fá verkefni eða æfingar til að nota með nemendum, þá séu verkefnin á íslensku, því að sú auka orka og fyrirhöfn sem það krefst að þýða og yfirfæra hugtök, getur orðið til þess að verkefnin séu lögð til hliðar eða fyrirlögn þeirra takist ekki sem skyldi.

Að lokum má svo nefna að það er að sjálfsögðu ákveðin hindrun þegar lagt er upp með ákveðna verk- og kostnaðaráætlun en styrkur fæst svo aðeins fyrir hluta kostnaðar, þá veldur það því óhjákvæmilega að framkvæmd verður hægari en ráð er fyrir gert og jafnvel er ekki hægt að launa alla þá vinnu sem unnin er af hendi.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Ávinningur af verkefninu er sá að starfsfólk skólanna hefur skýrari viðmið en áður um framkomu gagnvart nemendum. Þegar til staðar er ákveðin stefna sem haldið er á lofti hefur það þau áhrif að fólk er meðvitaðra en áður og hefur eitthvað til að bera sig saman við, það fer t.d. að spyrja sig "er þetta í samræmi við Jákvæðan aga" eða "hvað segir Jákvæður agi að séu æskileg viðbrögð við þessu". Starfsfólk hefur nú yfir að ráða leiðbeiningum og ákveðnu "verkfærasafni" þ.e.a.s. það kann fjölbreyttari aðferðir til að leiðrétta hegðun og fást við uppeldisluta starfsins. Þá er orðinn til töluverður verkefnabanki, sem fer sífellt stækkandi, og mun hann nýtast verkefnisskólunum (og væntanlega fleirum) til að æfa nemendur í að tjá og skilja tilfinningar, taka aukna ábyrgð á eigin hegðun og leysa málin í sameiningu.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn / niðurstöður verkefnisins:

Eins og fram kom hér að framan var markmið verkefnisins að innleiða uppeldisstefnuna Jákvæður agi í Naustaskóla, Naustatjörn, Glerárskóla og Hrafnagilsskóla, stuðla þannig m.a. að góðum skólabrag, samhæfum vinnubrögðum starfsfólks, sjálfstrausti og samskiptafærni nemenda. Varla er hægt að fullyrða með mikilli vissu eftir tvö ár hvernig til hefur tekist en það er að minnsta kosti ljóst að farsæl fyrstu skref hafa verið stigin. Það er engin spurning að það er öllum skólum mikilvægt að hafa heildstæða stefnu hvað varðar uppeldi, viðbrögð og viðmót. Það er mikill styrkur fyrir starfsfólk, býr til ákveðinn ramma, knýr okkur til að spyrja hvort aðgerðir okkar og viðhorf séu í samræmi við þá stefnu sem er fyrir hendi, og gefur okkur leiðbeiningar um "rétt og rangt" hvað þetta varðar. Þannig stuðlar stefnan að samhæfðari vinnubrögðum starfsfólks og þannig hefur verkefnið án nokkurs vafa haft áhrif á skólastarfið í heild. Að sjálfsögðu er töluvert langt í land ennþá með innleiðingu stefnunnar og að öll verkfæri hennar séu starfsmönnum töm. Gera má ráð fyrir að um sé að ræða verkefni til nokkurra ára þar til segja má að innleiðingu sé lokið og komið sé að "viðhaldi" en auðvitað er um eilífðarverkefni að ræða þar sem bæði starfsfólk og nemendur koma og fara. Við erum sem sagt rétt að byrja á verkefninu, okkur finnst hafa vel tekist með fyrstu skrefin, við erum full bjartsýni og vinna við verkefnið er sannarlega enn í fullum gangi. Þá eru sterkar vísbendingar um að Jákvæður agi muni á komandi árum breiðast út til fleiri grunn- og leikskóla og verða góð viðbót við hina ágætu flóru uppeldis- og agastefna sem nú er að finna í íslenskum skólum.

Enn sem komið er hafa ekki verið teknar saman á einn stað þær niðurstöður úr innra mati skólanna sem gefa vísbendingar um árangur verkefnisins. Það virðist hins vegar vera ánægja meðal starfsmanna með stefnuna sem slíka og kemur hún t.d. upp sem dæmi um styrkleika í SVÓT-greiningum. Þá má nefna að vorið 2012 hlaut Naustaskóli viðurkenningu skólanefndar Akureyrarbæjar fyrir verkefnið Jákvæðan aga með eftirfarandi umsögn: *"Agastefnan Jákvæður agi í Naustaskóla hefur farið af stað af krafti. Starfinu innan skólans hefur verið fylgt eftir með námskeiðum og kynningum fyrir foreldrahópinn. Skólinn hefur náð góðum árangri í agamálum og nemendur skólans koma vel út í könnunum þar sem spurt er um líðan í skólanum."*

Eins og fyrr segir heldur verkefnið áfram í skólunum og er stefnan nú byrjuð að dreifast til annarra skóla. Þannig eru nokkrir skólar komnir með aðgang að þeim gagnabanka sem orðið hefur til við vinnu verkefnisins og undirbúningur að innleiðingu er hafinn. Þau gögn sem orðið hafa til í tengslum við verkefnið eru eftirfarandi:

Meðlimir stýrihóps hafa komið sér upp sameiginlegri vefmöppu, svokölluðu "dropboxi", þar sem safnað er saman þeim gögnum sem til falla, þýðingum á verkefnum og bókum, hugmyndum að veggspjöldum, hvers konar áætlunum, fundargerðum o.s.frv. Þarna er nú orðinn til heilmikill gagnabanki sem enn er í vexti. Þessi banki getur án efa auðveldað þeim sem á eftir koma innleiðingu stefnunnar.



JÁKVÆÐUR AGI

Unnin hefur verið grunnþýðing á bókinni "Positive discipline in the classroom" sem ætluð er til notkunar fyrir starfsfólk skólanna. Nokkur vinna er eftir við samræmingu á orðalagi og uppsetningu á texta. Þá er unnið að undirbúningi að þýðingu bókarinnar "Positive discipline" sem er eins konar grunnbók og fyrst og fremst skrifuð fyrir foreldra. Haft hefur verið samband við réttthafa varðandi hugsanlega útgáfu á bókinni hérlendis fyrir almennan markað. Ákveðið var að hanna "logo" fyrir verkefnið. Einnig var ákveðið að búa til töluvert af veggspjöldum til að setja á vegg skólanna til að gera stefnuna sýnilega í skólunum og minna nemendur og starfsmenn á ýmsa þætti hennar. Þetta var framkvæmt í janúarbyrjun 2011 og virðist hafa gefist vel til að halda umræðum lifandi og minna á efnisþætti. Auk þessa hefur Naustatjörn farið þá leið að útbúa lítil "áminningarspjöld" sem komið er upp víða um skólann, er það leið sem aðrir eru einnig að skoða. Öll framangreind gögn eru opin til afnota fyrir þá sem eftir því leita.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Staðið hefur verið að kynningum á stefnunni fyrir ýmsa aðila auk þess sem hér er talið að framan varðandi starfsfólk og foreldra þátttökuskólanna. Má þar nefna vel sóttar kynningar á ráðstefnu starfsfólks allra skólastiga á Norðurlandi í október 2010, kynningu fyrir starfsfólk Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar, styttri kynningar fyrir ýmsa hópa og kennaranema sem komið hafa í heimsókn í þátttökuskólana o.fl. Auk þess hefur verkefnið verið kynnt fyrir starfsfólki þeirra skóla sem hafa hug á að taka upp stefnuna. Fyrirhugað var að koma upp sérstakri vefsíðu fyrir verkefnið en vegna kostnaðar var horfið frá því. Hins vegar hafa skólarnir miðlað efni og upplýsingum á heimasíðum sínum og er þar nú að finna töluvert magn upplýsinga sem gagnast getur foreldrum og/eða starfsmönnum skóla eftir atvikum. Má í þessu sambandi nefna heimasíðu Naustaskóla en upplýsingar um Jákvæðan aga má nálgast þar á slóðinni: http://www.naustaskoli.is/page/jakvaedur_agi
Aðstandendur verkefnisins lýsa sig tilbúna til að kynna það fyrir áhugasömum og gefa fulltrúum áhugasamra skóla aðgang að þeim gagnabanka sem til er.

Dagsetning: 29. júní 2012

Undirskrift verkefnisstjóra: Ágúst Jakobsson

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla: Ágúst Jakobsson